

Nr. 040 / 16 Skáley SH 300**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6388
Smíðaður: Flugfiskur, 1978, Trefjaplast
Stærð: 4,27 bt.
Mesta lengd: 8,12 m Skráð lengd: 8,10 m
Breidd: 2,10 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Volvo Penta, 117,6 kw, árg.1988
Fjöldi skipverja: 1



Skáley©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. maí 2016 var Skáley SH 300 á siglingu á Viðeyjarsundi. Veður: SSV 8 m/s.

Skipstjórinn kallaði upp VSS (*Vaktstöð siglinga*) og tilkynnti að það hafi drepist á vélinni og bátinn farið að reka í átt að landi við Viðey. VSS hafði samband við Eldingu sem var að fara frá Viðeyjarbryggju sem fór strax til aðstoðar og dró bátinn til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að loft hafði komist inn í fæðiolúkerfið með nippli við fæðiolúsú;
- að nýr eigandi var að prufusigla bátnum en hann hafði ekki verið notaður síðastliðið ár.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.